

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1066

Dagsetning: 22. apríl 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Elís Reynarsson, sérfræðingur á fjármála- og rekstrarsviði, sat fundinn undir lið 4 í gegnum fjarfundarbúnað. Arngrímur V. Angantýsson, deildarstjóri launadeildar, sat fundinn undir lið 9.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 8. apríl 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Bólusetningaráætlanir vegna ferðalaga

Fjallað var um samskipti við heilbrigðisráðuneytið um gerð bólusetningaráætlana vegna ferðalaga. Heilbrigðisráðuneytið var upplýst um að HH geti hér eftir ekki gert bólusetningaráætlanir fyrir aðra en skjólstæðinga HH. Forstjóri kom þeim upplýsingum áleiðis til stjórnenda annarra rekstraraðila heilsugæslustöðva nýverið. Boðað hefur verið til fundar í heilbrigðisráðuneytinu um hvernig þessum málaflökki verður sinnt til framtíðar.

3. Fundir á næstunni

Umræður um fundi framkvæmdastjórnar á næstunni.

4. Greining á fjárframlögum

Elís Reynarsson, sérfræðingur á fjármálasviði- og rekstrarsviði, kom á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað og kynnti fyrstu niðurstöður á greiningu á framlögum til HH á fjárlögum á árunum 1999 til 2025. Greiningin var unnin í samráði við sérfræðinga stjórnarráðsins.

5. Skipulag heyrnarþjónustu

Rætt var um samskipti við heilbrigðisráðuneytið um endurskipulagningu á heyrnarþjónustu. Til stendur að breyta lögum um þennan þjónustupátt með lagasetningu á haustþingi þar sem HH verði falið að sinna grunn þjónustu sem nú er á hendi Heyrnar- og talmeinaðstöðvar Íslands. Heilbrigðisráðuneytið hefur upplýst um að óskað verði eftir fulltrúa frá HH í samstarfshóp til að undirbúa breytingar á þjónustunni.

6. Upplýsingagjöf til starfsstöðva

Rætt var um leiðir til að koma skilaboðum um starfsemi HH betur til starfsfólks. Framkvæmdastjórn telur mikilvægt að starfsfólk fái betri upplýsingar um ýmis málefni sem rætt er um fagstjórafundum. Ákveðið var að efla upplýsingagjöf eftir fundi fagstjóra á Workvivo með því að segja efnislega, með skýrum og einföldum hætti, frá einstökum málum sem rædd eru á fundunum sem eiga erindi við almennt starfsfólk.

7. Fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar

Rætt var um framhald viðræðna við heilbrigðisráðuneytið tengt fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH.

8. Rafræn vinnuveitendavottorð

Umræður um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu vegna vinnuveitendavottorða.

9. Kjarasamningar lækna

Arngrímur V. Angantýsson, deildarstjóri launadeildar, kom á fundinn til að ræða erindi frá sérnámslæknum vegna nýs kjarasamnings lækna. Ákveðið var að hafa samráð við stjórnendur annarra heilbrigðisstofnana, stýrihóp vegna innleiðingar á kjarasamningnum og fulltrúa Læknafélags Íslands vegna erindisins og boða fund með sérnámslæknum.

Aðgerðir og verkefni

- Funda þarf með fulltrúum heilbrigðisráðuneytisins um bólusetningar ferðamanna, sjá lið 2.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf áfram greiningu á fjárlögum, sjá lið .
Ábyrgð: HP
- Efla þarf upplýsingagjöf til starfsfólks eftir fundi fagstjóra, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH, NSK, RÓE
- Vinna þarf áfram að fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH, sjá lið 7.
Ábyrgð: SDM
- Svara þarf erindi heilbrigðisráðuneytisins um vinnuveitendavottorð, sjá lið 8.
Ábyrgð: SDM
- Hafa þarf samráð, undirbúa fund með sérnámslæknum og boða fundinn, sjá lið 9.
Ábyrgð: SDM og NSK

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:50.